

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2017

2018/EES/78/44

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1013 frá 8. júní 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19s (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 1013:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1013 frá 8. júní 2016 (Stjtúð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 144).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/1013, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 144.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.